

Elísabet Þorgeirsdóttir

1997

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

BetaCam A020, A021

© Krumma films ehf.

Já, ég er fædd og uppalin á Ísafirði og fædd árið 1955 þannig að ég hérna, þegar ég var að alast upp þá hafði ég aldrei heyrt orðið lesbía eða samkynhneigður eða varla hommi heldur og þetta var algerlega bara einhver framandi heimur sem að var ekki þarna til á þessum stað. Og þannig að ég var náttúrulega bara skotin í strákum þegar ég var ung, byrjaði bara snemma á því eins og allir á þessum stað og var þess vegna sjálf að glíma við það þegar ég fann að ég var kannski ekki, þetta gekk nú ekki alveg upp. Ég var ekki til dæmis til í að gifta mig sextán ára. Og það var auðvitað talsverð togstreita, erfitt, að finna eitthvað sem að maður vissi bara alls ekki hvað var. Þannig að í rauninni var ég búin að sofa hjá fyrstu konunni áður en ég jafnvel vissi orðið sko þannig að þetta er eitthvað sem ekki er hægt að hlaupa frá. Þannig er þetta nú bara.

Ja, ég vissi náttúrulega, það var maður þarna sem ég vissi að var einhvern veginn öðruvísi en ég gat einhvern veginn ekki, sjálf var ég kannski bara svo saklaus að ég fór ekkert að orða þetta neitt en eflaust hefur hann verið kallaður eitthvað. En í mínum huga var þetta bara einhvern veginn, hann bara aðeins öðruvísi en aðrir en það var bara hans einkamál hvernig öðruvísi. Þannig að hérna, og svona smátt og smátt eiginlega ja auðvitað, fyrsti maðurinn sem að kemur í opinbert viðtal var Hörður Torfason 1974 eða fimm, þannig að þá vissi maður um tilvist homma almennt og þá er ég nú orðin tvítug sko þannig að ég er eiginlega eins og fornaldarmanneskja en hérna og síðan þegar ég kom suður, var hérna í háskóla, þá vissi ég að hommarnir væru svolítið á Borginni og einhverra hluta vegna fór ég nú að hafa áhuga á að vera þarna og fara þangað en mér datt náttúrulega aldrei í hug að ég mundi sjá konu sem að væri lesbía. En samt var ég þá farin að átta mig á að ég vildi frekar sofa hjá konum þannig að náttúrulega lesbíur eru bara varla til í sögunni fyrr en svo miklu seinna.

Já ég man það.

*HG: Var það einhver svona sprengja eða hvað?*

Ég veit það ekki. Hörður Torfa hafði bara einhverja sérstöðu. Hann var söngvari og hann var hommi en auðvitað var þetta talsvert, þetta olli miklum svona ja ég veit ekki hvað ég á að segja, þetta vakti mikla athygli allavega. Og hérna, en hinsvegar fyrsta viðtalið sem að kom við lesbíur það var 1981, þá var ég einmitt nýflutt hingað suður

og það var viðtal í Helgarpóstinum við tvær ungar stúlkur, Láru og Lilju og það var mikil opinberun fyrir mig að sjá það viðtal, fyrstu andlitin sem ég sá sem tengdust því að þetta væru sem sagt konur sem svæfu hjá öðrum konum og eftir það fór nú eiginlega boltinn að rúlla hjá mér enda tími til kominn. Ég orðin 26 ára og hérna það var náttúrulega bara mikil frelsun. Mikil lausn. Að geta farið að taka þátt í því að vera með öðru fólki sem að var eins og ég.

Já Óðal var náttúrulega aðal staðurinn á þessum tíma og maður fann nú svona ýmsa samkynhneigða strauða þar í gangi þó að það væri nú ekki beint opinbert. En það var auðvelt að hitta þar konur sem vildu sofa hjá öðrum konum, en án þess að það væri svo nokkurn tímann rætt sko. Og það fannst mér líka erfitt til lengdar.

*HG: Gætirðu lýst einhverju ákveðnu, einhverjum minningum sem þú átt þaðan?*

Frá Óðali? [hlær]

*HG: Hvernig var þetta, ég meina maður fór þarna og stóð í röð og?*

Já já það var náttúrulega hluti af þessu öllu að standa í röð. Manni fannst bara eiginlega allir vera þarna. Ég var auðvitað þarna á þessum aldri og allir á mínum aldri og fyrir ofan og það var bara eitthvað svona heitt í gangi á hverri hæð og bara þetta var svona mikill gerjunarpottur fannst mér. Enda er þetta fyrir tíma allra hérna þessara kráa. Það voru ekki krár á hverju götuhorni að selja bjór. Það var ekki byrjað að selja bjór. Þannig að þetta var nú eiginlega svona eini, þetta var svona svolítið nýr andi þarna. Öðruvísi skemmtistaður, lítill með svona mismunandi innréttingum á hverri hæð. Eftir það komu svo margir svona staðir og þá leið aumingja Óðal undir lok. Enda skilst mér að þeim hafi undir lokin verið farið að finnast þetta vera of mikill opinber homma- og lesbíustaður. Mér skilst það. Og það var hérna missir fannst mér.

Það var hérna, það var allt í lagi að vera þarna sem sagt, þetta var bara ekkert orðið opinbert þannig að það virtist vera allt í lagi að ná sér í stelpu á Óðali og fara með henni heim og láta svo eiginlega bara sem ekkert væri daginn eftir. Það var aldrei sko það að, ég man alltaf þegar fyrsta konan sem, vinkona mín úr þessum hópi sagði: Ég

ætla bara að fara að viðurkenna það að ég sé lesbía. Það var líka mikil opinberun fyrir mig að hérna einhver ætlaði bara að fara úr þessum feluleik og þessum þykjustuleik og bara segja þetta og orða þetta. Og skömmu seinna þá dreif ég mig á fyrsta ballið með Samtökunum '78 og það fannst mér líka, sko ég er yfirleitt ekki mikið fyrir svona þykjustuleik og hérna finnst betra ef ég er orðin örugg sjálf og þá vil ég bara gangast við því og þess vegna gerði ég það nú eftir að ég fór á fyrsta ballið hjá Samtökunum sem var þá uppi í hérna, uppi á Snorrabraut þar sem Austurbæjarbíó er þarna á efri hæðinni. Og það var ægilega gaman að sjá. Allt þetta, það var bara eins og, það var bara virkilega merkileg stund. Að hérna þarna máttirðu bara vera að dansa við stelpu og strákarnir að dansa við stráka og þetta var, mér fannst þetta afslappað og góð stemmning og virkilega gaman að vera farin að finna þennan félagsskap.

[HG og EÞ hlæja] Lesbía. Já já það tók alveg tíma að venjast því sko. Mér fannst afskaplega fallegt að segja bara konur sem elska konur. Mér fannst það mjög fallegt bara og lýsti því sem um var rætt sko eða það sem að, sannleikanum sko. Síðan fór maður náttúrulega að hérna heyra um upphaf orðsins sem tengist eyjunni Lesbos þar sem var sæluríki kvenna og þar sem konur gátu verið og elskað hver aðra og hérna undir handleiðslu Saffóar, þaðan kemur nú orðið þannig að ég reyndi að sættast við orðið út frá því og þessari menningu og það er náttúrulega styrkur að vita af því að mörg hundruð árum fyrir Krist þá leyfðu konur sér að elska hver aðra opinberlega en oft segir maður, maður er ekkert alltaf að segja þetta. Þetta er svona frekar óþjálmt á íslenskunni þetta orð.

*HG: Þú kynntist konu?*

Já. Já ég hérna gerði það nú bara frekar rösklega að koma úr felum eftir í rauninni ja níu ára feluleik því að það var um tvítugt sem ég virkilega áttaði mig á því að þetta væri svona þó ég reyndi að hérna lifa án þess að eða ég sá bara engan möguleika á að breyta lífi mínu. En semsagt þegar ég var 29 ára, það var skömmu eftir að ég fór á fyrsta Samtakaballið þá kynntist ég konu og fór að búa með henni. Og það gerðist allt mjög snögglega og ég var komin í stjórn Samtakanna '78 bara nokkrum mánuðum seinna og farin að gefa út blað og segja frá mér og svona þannig að þetta var bara ansi rösklega gert og hérna kannski svolítið geyst af stað farið. En mér fannst mjög

mikilvægt að hérna vinna að þessum félagsmálum. Þetta var svona eins og við segjum stundum að við séum ein stór fjölskylda. Og það var það á þessum árum að samfélagið var það lítið að alltaf þegar einhver kom úr felum að þá kannski var honum boðið heim til einhvers og það var gjarnan við vorum með sem sagt, áttum hérna börn. Ég var með minn strák og hún líka sinn og þetta var svona svolítið eins og heimili. Við reyndum að hafa þetta svona svolítið eins og venjulegt heimili og það var svolítið algengt að stelpur kæmu þangað, eða bæði stelpur og strákar og þetta var svolítið svona eins og að bjóða velkominn inn í samfélagið og þetta var hérna virkilega skemmtilegt og nóg að gera, alltaf fullt af fólki og það var mikil vinátta ríkjandi fannst mér. Þetta var svona, þetta var á þessum árum áður en alnæmið fór að gera okkur hrædd og við vorum það fá að við þekktumst líklega öll, þau sem að vildu starfa með Samtökunum. Þau sem vildu taka það skref að koma opinberlega úr felum og vera með í þessu. Við vissum náttúrulega um alveg fullt af öðru fólki sem að var samkynhneigt og gerði það ekki og það fólk kannski kom á böllin en svo aftur við sem að gengum í Samtökin og tókum þátt í að reka þau það var svona mjög fannst mér gott vináttusamband þar á milli. Þannig að ég alveg gleymdi mér í þessu svona í nokkur ár.

Nei nei en þetta náttúrulega sko, þetta er yndislegt, mér fannst þetta gott til að byrja með að maður kynntist alls konar fólki og fólk hafði ýmsar reynslusögur. Sumir höfðu lent á geðdeildum og verið hérna, átt, svona þrautarganga hjá mörgum að koma úr felum og manni fannst mikilvægt að miðla reynslunni og ræða þessi mál og þetta var mikið tabú á þessum árum, en síðan svona til lengdar þá getur maður ekki alltaf bara verið að tala við fólk út frá þessari sameiginlegu reynslu að vera með þessa sameiginlegu kynhneigð. Það er svolítil hætta á því að þetta verði of þröngt þegar að árin líða og maður er alltaf inni í sama hópnum og á sama skemmtistaðnum og þannig að svona býr alltaf ákveðin hætta í öllu. Þetta, stundum fór maður að upplifa þetta sem hálfgerð ghattó, sérstaklega þegar það fór að vera til skemmtistaður sem að reyndar var nú alltaf vinsæll af öðrum en hérna mér fannst þetta farið að þrengja að svona þegar árin liðu en hérna hins vegar getur þetta verið mjög sjarmerandi og þetta er rétt sem þú segir að þessi fjölskylda sem að maður eignast, sumir hérna ég meina allir vilja vera saman um jólin eða gera eitthvað og það getur verið gott að eiga bara einhvern, eru samkynhneigðu vinirnir kannski þeir sem eru nánastir. Ég veit að

strákarnir, hópur stráka hefur oft farið saman um áramótin í sumarbústað og haldið saman upp á áramótin og það eru alltaf haldnir ja áramótadansleikir það er svona hluti af því að fagna áramótum með stóru samkynhneigðu fjölskyldunni.

Jú mér fannst vera náttúrulega mjög mikil drykkja og ég áttaði mig náttúrulega alls ekki á því að við vorum bara alltof háð áfenginu. Til dæmis eignuðumst við félagsheimili og hérna þá var það strax alltaf mál að það mætti selja þar hvítvín og rauðvín eða bara aðeins pínulítið kannski bjór af því við kunnum eiginlega ekki að hittast án þess að vera með glas í hönd. Og þegar ég var í stjórninni þá man ég að þetta var mikið mál. Okkur fannst þetta svo sjálfsagt og hérna þetta var bara lokaður heimur fyrir manni enda kannski þurfti maður á áfenginu að halda til þess að komast úr felum. Því miður. Það er bara staðreynd og hérna og þá er svo erfitt að fara til baka inn í mynstrið að tala saman án þess að bara halda sér í glasið. Bara að rauðvínsglasið sé við hendina. Þetta er bara eitthvað mynstur og auðvitað fer þetta bara út í vitleysu. En ég er ekki að segja að við kannski höfum drukkið mikið meira heldur en aðrir í samfélaginu. Samfélagið er náttúrulega mjög alkóhólíserað almennt. En en ja oft á tíðum reyndar höfum við farið kannski lengra út í drykkjuna vegna þessarar innri togstreitu sem við búum við meðan við erum að hérna, þetta er löng leið fyrir marga að koma úr felum og margar víNFLöskur hafa verið tæmdar áður bara í þessum feluleik, í þessari togstreitu og þessari þögn samfélagsins sko sem við þurftum að brjóta en hérna ef maður horfir til baka til þessara ára þá hefur alveg ótrúlega mikið breyst. Bara þessi tíu ár og þá kemur inn í það bara líka alþjóðleg opnari umræða. Við hefðum ekki látið okkur til dæmis detta það í hug að það gæti hafa verið sjónvarpsþáttaröð þar sem að aðalleikkonan er lesbía og kom úr felum sem lesbía og var það í alvörunni. Þetta hefur allt svo mikil áhrif sko. Bíómyndir, bara að fólk sjái þetta að þetta sé bara venjulegt fólk og þetta hefur bara gerst í öllum heiminum og þá auðvitað verðum við, sem betur fer njótum við góðs af því.

Nei mér fannst, mig vantaði það nefnilega algerlega. Mig vantaði, ég bara sko, þessar þær stelpur sem ég kynntist í Samtökunum þær voru flestar yngri en ég og auðvitað getur maður alveg tekið fyrirmyndir sem eru yngri en hérna það var ekki til dæmis neins staðar að maður vissi um manneskju úti í samfélaginu sem að hafði þú veist bara sætt sig við kynhneigð sína og haldið áfram að lifa eðlilegu lífi. Það voru allt

eitthvað miklu sorglegri sögur. Sem sagt annað hvort voru þetta ungar stelpur sem að mér fannst auðvitað voða gott að, þær sem voru til dæmis tíu árum yngri en ég, sem var algengt þegar ég kom þarna fyrst, mér fannst það alveg frábært að þær gætu bara strax um tvítugt komið úr felum og byrjað að móta líf sitt og sættast við sjálfar sig sem þær sem þær eru. En hins vegar ef maður lítur upp fyrir sig þá herna var þetta ekki til og ég man varla eftir því ef ég fer að hugsa um það, hvaða fullorðna lesbía ég hefði getað tekið mér til fyrirmyndar sko. Maður sá einstaka, maður alveg hreint sko, ef maður vissi um einhverja bíómynd sem fjallaði um ástir lesbía sko þá alveg bara reyndi maður að komast yfir þær og sjá þær en þær enduðu yfirleitt allar á því sko að það fór önnur aftur til karls, mannsins sem hún hafði verið með eða framdi sjálfsmorð eða það var aldrei herna happy end sko. Ég man eftir einni mynd sem ég sá í bíó til dæmis, var sýnd herna í bíó og hún endaði, það var, skilaboðin eru alltaf þessi: Þetta er ekki hægt. Þannig að auðvitað var það mjög slæmt að vanta, að fá ekki þessa fyrirmynd.

Já já Vanessa Redgrave til dæmis. [HG hlær] Það var eitthvað við hana. Það var mjög gaman að horfa á myndir með henni hvað svo sem það var. Það var einhver sterkur kvennakraftur sem að kom fram í mörgum bíómyndum þó það væri ekki verið beinlínis að fjalla um ástir kvenna þá virkilega fannst manni, mér fannst mjög gott að horfa á svoleiðis myndir þar sem að konur voru ekki beinlínis í þessu hefðbundna kynhlutverki sko þar sem bíómyndin gekk ekki bara út á það að ná ástum einhvers karlmanns. Þetta var nú það sem maður þurfti að setta sig við.

Ja það var náttúrulega bara fréttir erlendis frá um þennan hræðilega sjúkdóm sem að ég býst við að hafi bara verið '84 eða fimm. Og hann var nú kallaður fyrst á Íslandi áunnin ónæmisbæklun er það ekki rétt? Já.

*HG: Eða AIDS bara.*

AIDS, já já það var auðvitað talað bara um AIDS. Síðan byrjuðu strákar að veikjast herna og þetta var auðvitað, við vissum auðvitað ekkert um þetta meira en aðrir. Þetta var auðvitað mikil herna mikil hræðsla um þetta til að byrja með og eins og náttúrulega aðrir geta sagt betur frá hvernig herna til dæmis heilbrigðiskerfið var hrætt

og enginn vissi nákvæmlega hvernig þetta myndi smitast og svo þurfti maður að vinna sjálfur í því sko gagnvart sínum vinum sem maður vissi að væri smitaður. Væri óhætt að kyssa þá bless? Það var nú mikið, allir voru að kyssast alltaf á þessum tíma í samkynhneigðu fjölskyldunni. Maður þurfti að komast yfir það sko, væri allt í lagi að kyssa einhvern sem að maður vissi að væri orðinn smitaður. Og síðan byrjuðu strákarnir að deyja bara skömmu seinna og þetta var nú auðvitað bara rosalegt áfall. Og að mörgu leyti kunnum við ekki að höndla þetta nógu vel fannst mér í samfélaginu. Við sundruðumst svolítið, hommar og lesbíur, og það er alveg eðlilegt þegar maður fer að hugsa til baka. Þegar dauðinn er allt í einu kominn bara inn í fjölskylduna og enginn veit neitt þá bara bregst, það kemur upp hræðsla og taugaveiklun. En þetta var bara alveg ægilegt áfall og síðan auðvitað byrjuðum við að reyna að vinna í fræðslu. Við vildum fá að vita um smitleiðir og byrjuðum af veikum mætti að reyna að standa að einhverju slíku. Og það var nú eiginlega undanfari Alnæmissamtakanna held ég. En það var í rauninni í fyrsta skipti sem Samtökin fengu fjárstuðning, það var eftir að alnæmið kom til sögunnar. Og en á þessu tímabili þá einhvern veginn, það kom náttúrulega tiltölulega snemma í ljós að við stelpurnar værum tiltölulega öruggar og þyrftum ekki að óttast smit og þá einhvern veginn var eins og strákarnir lokuðu sig af og við komumst einhvern veginn ekki að þeim að vera með þeim í því að takast á við þetta. Og eiginlega um svipað leyti þá ákváðum við að stofna okkar eigin félagsskap og kannski var það bara gott, ég veit það ekki, að fara aðeins í burtu af því að það tókst ekki að einhvern veginn að við tækjum saman höndum og hérna myndum byggja upp eitthvað svipað eins og var að gerast í öðrum löndum og byggja upp einhvers konar stuðningshópa eða eitthvað svoliðis sem að okkur langaði að gera. Við bara kunnum það ekki. Og þannig að árið '86 hérna stofnuðum við Íslensk lesbíska sem var auðvitað mikilvægt skref líka. Og það var þannig að við tókum okkur saman nokkrar lesbíur og ákváðum að stofna okkar eigið félag og sækja um aðstöðu í kvennahúsinu á Hótel Vík sem að var þá sem sagt aðsetur fyrir Kvennaframboð og Kvennalistann og fleiri kvennasamtök og okkur fannst það bara mjög mikilvægt baráttumál að gera okkur sýnilegar innan kvennahreyfingarinnar. Og ég er sannfærð um að það skipti miklu máli að við sem sagt sóttum um að fá að koma þarna inn og það var í fyrsta skipti sem að konurnar í húshópnum á Hótel Vík þurftu að takast á við það að lesbíur ætluðu að fara ryðjast inn í húsið. Þær urðu margar hræddar og sáu fyrir sér kannski einhverja ímynd af

leðurklæddum lesbíum eða eitthvað sem þær vissu ekkert hvað var. Og ég veit það að þetta var, þetta olli miklum titringi og þurfti talsverð átök og held ég fleiri en einn fund en sem betur fer voru okkar konur þar. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hún var nú þarna í húshópnum og hafði nú kynnst, var sigld kona. Hafði séð lesbíur í Kaupmannahöfn og var óhrædd. Og fleiri konur. Þannig að við fengum herbergi á Hótel Vík og vorum þar með okkar starfsemi. Hittumst og töluðum saman um okkar málefni og hérna höfðum mjög gott af því og urðum sýnilegar að því leyti að á dyrunum var komið upp hérna skilti yfir þau samtök sem að voru í húsinu og þar stóðum við. Okkar fallega nafn, Íslensk lesbíska sem var nú fundið upp þarna á einum fundinum kannski í einhverju djóki að þetta væri eins og eitthvað heildsölufyrirtæki, en hérna það var einmitt Ragnhildur Sverrisdóttir blaðamaður sem að kom með þessa hugmynd og við bara samþykktum hana allar. Og en ég veit það að á þessum árum þá var málefnið nú ekki orðið þekktara en það að hérna ég vissi að þarna var Kvinnalístin sem sagt og þurfti oft að fá, það komu sendlar frá Alþingi með ýmsa pappíra og einhvern tímann sagði kona sem gegndi því sendisstarfi þegar hún kom inn á Hótel Vík að hún gæti ekki hugsað sér að bera póstinn frá Alþingi inn í þetta hús sem þetta nafn stæði á hurðinni. Hún gæti bara ekki opnað hurðina og farið þarna inn. Þannig að þetta er svona smá dæmi um viðhorfið í þjóðfélaginu. Sem betur fer höfum við lært, hefur mikið breyst síðan.

Það er mjög sérstakt hér á landi sko. Rauðsokkuhreyfingin er stofnuð '71 og er náttúrulega öflugasta kvannahreyfingin hér á landi alveg þangað til Kvinnalístin er stofnaður. Að þetta var algert tabú í þeirri hreyfingu öfugt við það sem gerðist í sambærilegum hreyfingum bæði austan hafs eða sem sagt bæði í Evrópu og Bandaríkjunum, að þar voru það einmitt lesbíurnar sem voru að koma úr felum sem urðu oft afgerandi í kvinnabaráttunni. Að þetta fylgdist að þetta kvenfrelsi sko að vera þær sem þær eru og ég veit ekki eiginlega hver skýringin er. Ég veit það reyndar að margar konur af þessari kynslóð sem að hérna voru lesbíur þær einfaldlega fluttu úr landi. Þær bara fóru til t.d. Kaupmannahafnar og eflaust fleiri staða sem maður veit ekkert um. En ég veit til þess að það komu einhverntímann upp umræður bæði innan Rauðsokkuhreyfingarinnar og Kvinnalístans seinna, að taka fyrir málefni lesbía og það fékkst ekki í gegn fyrir einhverri hræðslu. Sem að ég get nú ekki alveg skýrt út af hverju hún stafar. En þetta er náttúrulega það sem að kannski mín kynslóð bjó við

sko. Kynslóðin á undan hún kom ekki úr felum opinberlega. Það þarf enginn að segja manni að það hafi ekki verið lesbíur í þeim hópi eins og öllum öðrum kynslóðum.

Ég man eftir þeim líka. Það skipti miklu máli. Fyrir mig allavega. Þær komu því í gegn og þá kannski var það vegna áhrifa frá mikið af þeim ungu konum sem að störfuðu í Rauðsokkuhreyfingunni, þær voru í Kaupmannahöfn og komu með straumana þaðan og þar var þetta náttúrulega orðið það opið að allavega man ég eftir einu blaði sem var Forvitin rauð sem fjallaði um kynlíf og þar var viðtal við lesbíur og ég man alveg eftir tilfinningunni þegar ég las það. Það skipti mig miklu máli sko það var, svona rofaði til smátt og smátt. Maður vissi, fékk skilaboðin svona óljóst að þetta væri nú til sko. [HG og EP hlæja]

Já sem sagt strákarirnir voru farnir að veikjast við vissum það og við vissum náttúrulega ekkert hvað þetta myndi taka langan tíma eða hvað já, hvernig þetta myndi allt fara. En sem sagt ógnin var yfir okkur öllum og ég er alveg viss um það að okkur stelpurnar langaði að taka þátt í þessu með strákunum. Vegna þess að eins og ég var að lýsa áðan með fjölskyldutilfinninguna að við vorum öll saman. Og reyndar hafði nú einn vinur okkar sem hafði starfað mikið með Samtökunum hann dó árið, sumarið 1985 úr hvítblæði sem að var þá óskýlt þessu, og við stóðum mjög þétt saman og það var bara eins og einn úr fjölskyldunni að deyja. Þannig að mér fannst bara eðlilegt að það myndi bara halda áfram að vera svoleiðis að við myndum saman vera við jarðarför og það væri saman verið að tala um að hann væri samkynhneigður og svo framvegis. En svo gerist það að þeir fara að deyja úr alnæmi og þá breyttist þetta. Og kannski var það líka vegna viðhorfa kirkjunnar sem að ekki kunni að taka á þessu að mér er náttúrulega mjög minnisstætt eitt atvik þegar að ungur drengur dó. Hann hafði sem sagt smitast og við vissum bara að hann var veikur. Og síðan kemur vinur okkar sem að bjó á neðri hæðinni, Þorvaldur Kristinsson, einu sinni upp svartklæddur og sest í stól og byrjar að gráta og við náttúrulega spyrjum hvað sé að og þá segist hann hafa verið að koma úr jarðarför þessa unga manns og við höfðum ekki einu sinni fengið að vita að hann væri dáiinn. Það var bara búið að jarða hann. Og ég held að þetta hafi verið mjög mikið áfall fyrir okkur öll að það væri svona komið fyrir okkur. Við gætum ekki einu sinni talað um það að þeir væru dánir. Þarna kom náttúrulega inn í sem sagt erfiðleikar fjölskyldunnar að horfast í augu við það að þessi

ungi maður væri dáinn úr þessum hræðilega sjúkdómi. Það var nógu erfitt að horfast í augu við það að hann væri hommi og að það að vera hommi gæti jafnvel leitt menn til dauða bara skömmu seinna. Það var náttúrulega alveg óyfistíganlegt. En ástæðan fyrir því hvað Þorvaldi leið illa var meðal annars það hvað jarðarförin var hræðileg og þar þurftu náttúrulega kirkjunnar menn að læra. Og það er nú eitt af því sem við erum að basla við að kenna þeim og auðvitað hafa þeir lært mikið síðan þetta gerðist. En okkur finnst alltaf jafn erfitt að fara við jarðarför vina okkar og finna þessa hræðslu og þögn. Bara hræðslu við það að tala um það að þeir hafa verið samkynhneigðir og þeir eigi kannski ástmenn og að það sé komið fram við þá eins og aðra sem eru að missa maka sína. Og þó að prestastéttin noti þau rök að það sé verið að hlífa fjölskyldunni þá er ég ekki sammála því að það sé rétt aðferð. Ef fjölskyldan á erfitt með að, sko það skiptir miklu máli fyrir fjölskylduna að presturinn sé búinn að gera upp við sig hvað er þarna um að ræða. Og þá getur presturinn gengið á undan með góðu fordæmi. Um leið og presturinn talar eðlilega um þetta þá líður fjölskyldunni betur. En ef að, það er ekki af tillitssemi, það er ekki rétt aðferð að vera með tillitsemi við fjölskylduna og halda áfram feluleiknum. Þessvegna höfum við hópur samkynhneigðra einstaklinga verið að, við stofnuðum trúarhóp og við höfum verið að reyna að koma á umræðum við kirkjuna meðal annars vegna þessarar erfiðu staðreyndar að ungir menn hafa verið að deyja og auðvitað hafa ungar konur, lesbíur líka dáið.

Vorum með?

*HG: Hvað voruð þið með á stefnuskránni?*

Baráttumál Íslensk lesbíska? Meira hvítvín! [Hlær] Nei það var, manstu eftir því hvort það var eitthvað meira?

*HG: Nei ég bara spyr sko, þú minntist á það áðan, var einhver hugmynd þarna að baki að koma þessu, einhverju þingsályktunarfrumvarpi fram og hvernig þróaðist sú hugsun?*

Já já nei hérna sko ja útaf fyrir sig eins og ég sagði áðan þá var það baráttumál að komast inn í Kvinnahreyfinguna á þennan sýnilega hátt, síðan vorum við svona einhvern veginn að reyna að fálma okkur áfram, okkur langaði að komast í kynni við allar bækurnar sem við vissum að væru skrifaðar í útlöndum um lesbíur, allar bíómyndirnar og alla tónlistina. Við vissum um, vorum að fá kannski hérna tónlist frá útlöndum og eitt af því sem gerðist líka við að tengjast Kvinnahúsinu það var að það var svo mikið um útlendar konur sem komu beint þangað og spurðu: Hvar eru lesbíurnar á Íslandi? Eru þær ekki hér? Og hérna það var, við kynntumst nokkrum konum bæði frá Bandaríkjunum og Evrópu sem að hérna voru bara hér á ferð og leituðu að lesbíum og þær komu með þessa útlendu strauma og maður vissi það að auðvitað var til úti í heimi menning og hérna bækur. Og stundum reyndum við að hafa umræður um einhverja bók, einhver hafði verið að lesa eitthvað og svo vorum við stundum að tala um að reyna að skrifa eitthvað og gefa út blað og tala um okkar menningu og okkur sjálfar. Þetta voru svona ýmsar tilraunir. Við vildum líka man ég reyna að koma á sjálfshjálparhópi eða basisgrúppu eins og þær voru kallaðar og það fór nú eitthvað af stað sem sagt þetta að tala saman hver við aðra um þetta að hjálpa hvo annarri að koma úr felum og gera upp tilfinningarnar og svona en vissulega fór þetta líka oft út í það að við vorum að halda kvinnakvöld og koma saman og sjá hver aðra og hérna dansa og gera það sem þurfti að gera í þessu sem er nú númer eitt að bara hitta einhverja konu sem að, það er nú oft mikilvægt atriði. [HG og EP hlæja]

Þetta fór nú út í það sko. Ég man eftir einhvern tímann einhverju rifrildi sko um þetta sko, það en ég nenni ekki að fara út í það. Um þú veist þess sjálfshjálparhópa.

*HG: Já sem sagt og, já já.*

Hvernig átti gera, vera að þróa þá en síðan bara varð ekkert úr því og ég veit ekki hvort þú vilt reyna að koma því inn sko að sem sagt Íslensk lesbíska í rauninni lagðist niður bara um leið og hérna Hótel Vík lagðist niður. Þá höfðum við ekki lengur herbergi og síðan eftir það sko voru liðin þessi ár kannski sem þurfti að við gátum farið aftur inn í Samtökin og þó að við segðum nú kannski aldrei endilega skilið við þau við komum oft á Samtakaböll og svona, þetta var bara eitthvert nauðsynlegt skref

Í þróuninni held ég að stelpurnar, að við einhvern veginn gætum þjappað okkur saman sem hópur akkúrat á þessum tíma, á þessum árum þegar alnæmið var svona erfitt sko.

Auðvitað kom þetta þessi hérna, ég get ekki alveg sagt um það hvort að, stjórn Samtakanna '78 vann eitthvað að því að þetta gerðist en allavega var nú eins og frumkvæði kæmi frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur sem var þá þingkona Kvennalistans, að það yrði gerð rannsókn á sem sagt lífi samkynhneigðra á Íslandi með það í huga að sem sagt bæta síðan réttindin og koma á þessum lögum um staðfesta samvist. Og ég held að það hafi nú skipt máli að við gerðum okkur sýnilegar innan kvennahreyfingarinnar að þetta varð svo þingkona Kvennalistans sem að steig þetta skref. Þetta mikilvæga skref sem hefur síðan fært okkur þessi lög og breytt mjög mikið viðhorfi allra í þjóðfélaginu til okkar.

Já þetta var stórkostleg tilfinning. Reyndar er mér nú minnisstæðara athöfnin sem var um miðnættið daginn áður. Þá stóðum við að því trúarhópurinn að halda messu í Fríkirkjunni og hún var haldin klukkan hálf tólf 26. þannig að þegar dagurinn 27. rann upp þá vorum við saman í Fríkirkjunni. Og það var alveg ótrúlega sterk athöfn og hafði mikil áhrif á marga og við bara, það var bara eins og við aftur yrðum ein stór fjölskylda og sameinuðumst fannst mér. Stóðum og sungum Nú dagur er risinn eftir Cat Stevens, hérna Morning has broken, og þetta var bara alveg ólýsanlegt og mjög hátíðleg stund og bara það að standa allt í einu og vita það að það væri runninn upp dagur þar sem það væri staðfest með lögum að við ættum rétt á því að gangast við ást okkar eða velja okkur maka og fá hana viðurkennda eftir lögum. En það var náttúrulega bara árangur af margra margra ára baráttu. Og ég er sannfærð um það að hann muni skipta máli í dag bara upp á sjálfsvirðingu og sjálfsmat okkar og alls þessa unga fólks sem á eftir að horfast í augu við kynhneigð sína og að ég vona að leiðin verði styttri og beinni fyrir þau heldur en mörg okkar þeirra eldri.

Ég get nú ekki alveg sagt til um það hvort það sé alveg fylgist að að hætta að drekka og fara að horfast í augu við trúarþörfina eða gangast við henni.

*HG: Kannski meira aldurinn eða?*

Ja ég veit það ekki. Það er hérna sko, það sem að eiginlega lá að bakvið við stofnun þessa trúarhóps var hvort tveggja í senn, það var í rauninni mjög stórt skref að þora að nefna það innan þessa samfélags að maður gæti verið trúður og vegna þess að mjög margir hafa afneitað trúnni bara vegna þess að kirkjan hefur afneitað okkur og þá erum við ekki að hérna, þá bara förum við í burtu. Erum ekkert að vera einhvers staðar þar sem við erum ekki viðurkennd. En fyrir mér þá skiptir það miklu máli að einhvern veginn að vera samkynhneigð manneskja í sátt við Guð og reyndar var skrefið sem ég steig á undan var að vera kona í sátt við Guð og ég kynntist kvennaguðfræði sem að er af sama meiði og guðfræði samkynhneigðra og reyndar guðfræði svartra, frelsunarguðfræði svartra og en um leið og við stofnuðum þennan trúarhóp til þess að vera saman að iðka einhverja trú að þá var tilgangurinn líka að koma af stað umræðu innan Íslensku Þjóðkirkjunnar sem ekki var vanþörf á. Og það hefur alltaf verið okkar tvíþætta hlutverk. Og hérna miðar svona hægt við höfum verið að tala um málefni samkynhneigðra á hérna bæði kirkjuþingi og prestastefnu undanfarið þannig að þar höfum við getað rofið svona gat í múrinn ef svo má segja.

Einmitt en sko þetta er bara það sem hefur gerst alls staðar í öllum löndum að þá hafa samkynhneigðir einhvern veginn sem sagt hópað sig saman og stofnað einhvers konar, sem sagt eða sameinast í trú og til dæmis í Bandaríkjunum þá hérna var stofnuð sérstök hreyfing. Það var prestur sem hafði starfað í almennri kirkju og sagði sig úr henni og stofnaði sérstaka kirkju samkynhneigðra. Og hún er orðin mjög fjölmenn og er til í nítján löndum og mjög margir söfnuðir. MCC heitir hún, Metropolitan Community Church og einn félagi okkar úr trúarhópnum fór til Bandaríkjanna í fyrra og kom með stjörnur í augunum tilbaka og lýsti því hve margir möguleikar væru þar. Þar voru heilu kirkjurnar sem voru bara hommar og lesbíur og hann kynntist þarna 90 manna hommakór og fór til San Francisco þar sem hægt var að fara í alls konar, velja á milli trúarsamkomna þannig að það finnst okkur náttúrulega gott að vita líka þannig að þetta er bara eitthvað sem gerist alls staðar og þó að sumum á Íslandi þyki þetta svolítið skrítið þá finnst okkur náttúrulega gott að vita það að þetta er bara alls staðar gert og það eru til meðal annars Alþjóðasamtök kristinna homma og lesbía sem okkur langar nú að komast í kynni við en við höfum ekki gert ennþá.

Jú, jú. Þess vegna erum við nú að þessu basli með Þjóðkirkjuna. Ef við vildum bara vera í ghattói þá myndum við ekkert vera að ræða við Þjóðkirkjuna en við viljum fá viðurkenningu þar og sem sagt vonandi verður það bara í framtíðinni að við getum verið örugg um það að þegar við komum í kirkju að þá hérna sé okkur vel tekið og þá er náttúrulega eitt baráttumál eftir sem er að fá hjónavígslu í kirkju fyrir okkur eins og aðra. Þegar Alþingi er búið að samþykkja þessi réttindi okkar þá á í rauninni kirkjan eftir að gera það. Og það er auðvitað okkar ósk að það verði, að kirkjan viðurkenni það að, viðurkenni tilveru rétt okkar á þann hátt að við séum ekki lengur óhreinu börnin hennar Evu. Við megum koma upp að altarinu eins og annað fólk. En það virðist samt hafa gerst í Bandaríkjunum að þegar þeir hafa stofnað sína eigin söfnuði og það er útaf einhverju ég veit það ekki nákvæmlega kannski, en hér á landi erum við kannski það fá, það er ekki endilega stefnan að stofna einhverja sértrúarsöfnuði en hérna okkur finnst samt styrkur að því að vera saman við svona athafnir eins og gerðist þarna 26. júní '96 og gerðist svo aftur núna '97 að við höfum hist á miðnætti og fundist það gott.

Ég veit það ekki. Ég er löngu búin að setja mig einhvern veginn í þær stellingar að ég býst ekki við neinu sérstöku af kirkjunni. En ég veit samt um margt fólk, gott fólk þar inni sem vill okkur vel. Og ég vona auðvitað að það, þeirra sjónarmið nái fram og að kirkjan verði í takt við nútímann í Þjóðfélaginu. Vegna þess að sem sagt maður vill að kirkjan breytist og þá hérna hefur maður auðvitað ákveðnar vonir en hérna það var farið af stað með fræðsluáttak í fyrra sem mér fannst ekki heppnast nógu vel. Það var búið að samþykkja á kirkjuþingi í fyrra að koma af stað fræðslu og um samkynhneigð en einhverra hluta vegna fóru þeir svo að tengja það við sjálfsmyndina og sjálfsmorð og mér finnst það bara vera einhver hérna eins og flótti við að takast á við samkynhneigð. Það var farið af stað með fræðsluprógramm þar sem þessu var öllu blandað saman og ég er að vona það að það verði ekki gert núna heldur verði bara sem sagt, það sem er verið að leggja til og það er það að það fari af stað fræðsla í öllum söfnuðum landsins og þá sem sagt um leið og við vitum að það hefur átt sér stað þá auðvitað búumst við við því að okkur verði betur tekið heldur en fram að þessu og síðan er náttúrulega líka ákveðið skref og það er að samkynhneigðir prestar verði viðurkenndir eða það sé í lagi fyrir presta að vera samkynhneigðir. Og þetta hefur náttúrulega verið baráttumál í öðrum löndum en til dæmis á hinum

Norðurlöndunum eru margir starfandi prestar opinberlega sem sagt samkynhneigðir og það mun gerast hérna náttúrulega líka.

Hér á landi? Jú jú það er alveg leyfilegt. Það er ekkert gert til að koma í veg fyrir að hann starfi þannig að ég vona að við förum ekki að gera eins og mér skilst að sé eitthvað á döfinni í Noregi að mér skilst að í Noregi sé það þannig að og það hefur verið þar víða og ég veit það hefur verið í Kanada og Bandaríkjunum og víðar að þá hefur verið í lagi að vera samkynhneigður prestur ef að maður hérna býr ekki með neinum og jafnvel hérna skrifar undir yfirlýsingu um að maður ætli að stunda einlífi eða sem sagt stunda ekki kynlíf og þetta er náttúrulega slíkt mannréttindabrot að það er auðvitað ekkert hægt að sætta sig við slíkt. En mér skilst að það hafi einhverjir hérna í Noregi, var lesbía starfandi prestur og svo en henni var gert að sem sagt að búa ekki með konunni sinni og þess vegna hætti hún og það er oft eitthvað slíkt í gangi en ég held nú að Norðmenn séu tiltölulega íhaldssamir miðað við hinar Norðurlandþjóðirnar.

Í rauninni, það er alveg rétt. Það er auðvitað stór spurning sko hvort þjóðkirkjunni sé stætt á því að neita að gefa saman samkynhneigt fólk sem að Alþingi er búíð að setja í lög að megi staðfesta samvist sína. En reyndar var það þannig í lagafrumvarpinu eða sem sagt þegar löggin fóru í gegn að það var tekið fram að þetta ætti að vera bara borgaraleg athöfn þannig að auðvitað er þetta bara næsta skref að við getum valið um það hvort við viljum fara í kirkju til að ganga í hjónaband eða ekki.

Að fara í kirkju? Já vissulega ef ég hérna fyndi konuna sem mig langar að giftast þá mundi ég endilega óska eftir því að við geta farið saman í kirkju. Mér finnst að bara vera alveg sjálfsögð mannréttindi.

Ja það er í rauninni það eina sem að prestar geta gert ennþá og það er til dæmis að gerast á Norðurlöndunum það er bara þannig. Ef þetta á að vera löggjörningur þá verður að fara fyrst til fógeta og síðan er hægt að hafa athöfn í kirkju og sem sagt sem er nokkurn veginn eins og gifting en hérna það er ekki nóg að gera það eingöngu. En auðvitað viljum við bara að kirkjan verði með og samþykki þetta og hérna samþykki okkur í raun þannig að henni finnist sko, það er ekki nóg að segja: Það er í lagi með

ykkur, þið eruð börn guðs en þið megið alls ekki koma upp að altarinu af því að þá fer að gerast eitthvað svo syndsamlegt ef þið komið upp að altarinu og við blessum ykkur og sambúð ykkar. Þetta er auðvitað bara tvískinnungur. Ég get ekki sagt annað.

Ja, náttúrulega við komum í svona blaðaviðtal sko við Stella þarna '87 sko sem var náttúrulega. Það var í fyrsta skiptið sem var tekið.

*HG: Hvernig reynsla var það? Var það, breytti það einhverju í lífi ykkar eða hafði það einhver áhrif á ykkur?*

Nei sko þetta var 1987 sem við komum í viðtalið sem var tekið fyrir, sko það voru viðtöl við lesbíur í Mannlífi og mér fannst það í rauninni bara gott sko því það var eins og það væri brotinn einhver múr og hérna hefði bara góð áhrif. Ég bjóst kannski við að ég myndi verða fyrir meiri sko, einhverjum slæmum áhrifum eða aðkasti eða eitthvað en ég held að það hafi bara leitt til góðs að hérna og ég held að það sé bara almennt hið besta að það sé að koma bara fram eins og maður er og það gerðist bara í því tilfelli.

Ja bara ég held að aðalatriðið sé að týna ekki sjálfum sér. Þetta er mikið sem að gerist. Það eru oft mörg hérna, maður þarf að brjóta af sér ýmsar viðjar í fjölskyldunni og svo virkar heimurinn mjög spennandi, hinn samkynhneigði heimur og það [EÐ hóstar]. Æ fyrirgefðu má ég ekki segja þetta aftur? [Hóstar]. Já ég held það sé mikilvægast fyrir ungt fólk þegar það er að átta sig á því, eða koma úr felum að það týni ekki sjálfu sér, fari ekki of hratt inn í þennan nýja heim sem að virkar heillandi og að það haldi áfram að þróast sem persónur en ekki bara sem kynverur. Stundum vill það gerast að þetta gengur allt út á kynlífið vegna þess að það er nú það sem sameinar okkur. Þess vegna finnst mér svo mikilvægt að við gerum eitthvað meira en að standa fyrir dansleikjum þar sem við erum að para okkur saman og það sem sagt held ég að sé aðalatriðið bara til þess að komast heill í gegnum þetta það er, að týna ekki einhverjum kjarna sem er maður sjálfur gegnum þetta allt saman. Og þótt maður vilji gera einhverja uppreisn gegn fjölskyldunni kannski vegna þess að maður þarf að slíta einhver bönd við hana að þá borgar sig líka að fara varlega í það því hún skiptir nú alltaf máli þegar upp er staðið þó maður sé að eignast þarna spennandi og

skemmtilega fjölskyldu og allskonar skemmtilegt fólk sem að tekur manni opnum örmum að þá hérna er nú ágætt að vera með fæturnar í báðum heimum.